

**14. Fundur atvinnu- ferða- og menningarnefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2018-2022.
Fundurinn var haldinn í ráðhúsinu þann 26.10.2021 kl. 17.00.**

Á fundinum voru Björgvin Viðar Jónsson formaður, Hulda Hrönn Stefansdóttir og Daði Geir Samúelsson með aðstoð fjarsfundaabúnaðar auk Jóns G. Valgeirssonar sveitastjóra

Farið var yfir fjárhagsáætlun næsta árs fyrir sveitarfélagið þar sem áhersla var lögð á þau mál sem snýr að nefndinni, auk styrkja og annara samvinnuverkefna sem sveitarfélagið tekur þátt í. Samkvæmt henni á gjaldskrá félagsheimilsins að hækka um 3% á milli ára sem er mjög hóflegt þar sem það er undir verðbólgu síðustu 12 mánuði og raunhækkun því engin.

Covid hefur haft töluverð áhrif á reksturinn síðast liðin tvö ár, og mátti það sérstaklega sjá á rekstri Félagshéimilisins þar sem mun færri viðburðir hafa átt sér stað heldur en á venjulegu ári. Er búist við því að það jafni sig að mestu á næsta ári með minnkandi samkomutakmörkunum. Auk þess er búist við að töluvert minni fjármunum verði ráðstafað til viðhalds á félagsheimilinu sem hefur verið töluvert á árinu sem er að líða. Að öðru leyti eru engar stórar breytingar í ætlunum sveitarfélagsins fyrir næsta ár.

Nefndin gerði engar sérstakar athugasemdir við áætlunina og leggur því til að áætlunin sé samþykkt.

Fundi slitið 17.53